



NÁM Í NÝTINGU Á STAÐBUNDNU HRÁEFNI Á AUSTURLANDI

SAMSTARFSVERKEFNI
MENNTASKÓLANS Á EGILSSTÖÐUM,
AUSTURBRÚAR
OG LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

**BRAUTARLÝSING
LISTHANDVERK & HÖNNUN**

**NÁM Í NÝTINGU
Á STAÐBUNDNU
HRÁEFNI Á
AUSTURLANDI**

**SAMSTARFSVERKEFNI
MENNTASKÓLANS Á EGILSSTÖÐUM,
AUSTURBRÚAR
OG LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS**

**UMSJÓN VERKEFNIS: ÓLÖF BJÖRK BRAGADÓTTIR
VERKEFNISSTJÓRI LISTNÁMSBRAUTAR ME**

1. ÚTGÁFA 2014

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	7
Brautarlýsing.....	9
Áfangalýsingar.....	17



FORMÁLI

Þróun viðbótarnáms á 4. þrepi við Menntaskólann á Egilsstöðum, sem hefur fengið nafnið Listhandverk & hönnun, er samstarf ME og Austurbrúar með ráðgjöf frá fulltrúum úr hönnunardeild Listaháskóla Íslands. Þeir sem hafa unnið að þessu verkefni eru Ólöf Björk Bragadóttir, verkefnisstjóri Listnámsbrautar ME, en Ólöf vann að framkvæmd verkefnisins. Lára Vilbergsdóttir, verkefnisstjóri skapandi greina á Austurlandi vann að þróun námskrárinnar í samvinnu við Ólöfu. Verkefnisstjóri er Bergþóra Arnórsdóttir, fulltrúi símenntunar hjá Austurbrú. **Meginmarkmið námsins er að leggja grunn að námi í nýtingu á staðbundnu hráefni sem er einkennandi fyrir Austurland.** Með því skapast nýr möguleiki á námi í listhandverki og hönnun á Íslandi. Áhersla verður lögð á samstarf við fyrirtæki og vöruþróunarverkstæði víðsvegar um fjórðunginn sem sérhæfa sig í vinnslu tiltekinna hráefna. Hvatt verður til samtals milli nemenda, framleiðenda og sérfræðinga á hverju sviði fyrir sig, handverksmanna og hönnuða. Námið einkennist af aukinni sérhæfingu við vöruþróun á nýtingu staðbundinna hráefna í hönnun, sem gæti stuðlað að nýsköpun í fjórðungnum í framtíðinni.

Grunnurinn að þessu samstarfsverkefni Austurbrúar, ME og LHÍ, byggir á námsleið **SAM-tals** „nýting á staðbundnu hráefni“ sem varð til í Evrópuverkefninu **Creative communities** sem Lára Vilbergsdóttir stýrði á árunum 2010-2012. Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá á vefsíðunni **MAKE BY ÞORPIÐ: make.is/** en þar er vefur verkefnisins: **creativecommunities.is/icelandic/**.

Vinna við námskrágerðina er fjármögnuð með styrk úr átaksverkefninu „Nám er vinnandi vegur“ sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur umsjón með. Styrkurinn er ætlaður til að skipuleggja námið, útfæra markmið, skilgreina áfanga og þrepaviðmið, inntökuskilyrði, viðmið um námsmat og skrá námsbrautina í námskrárgrunn ráðuneytisins.

YFIRMARKMIÐ

- Að þróa nám með tilliti til nýtingar á staðbundnu hráefni.
- Að stuðla að nýsköpun á sviði vöruhönnunar og listhandverks á Austurlandi.
- Að efla frumkvöðlavitund til eigin atvinnusköpunar.
- Að fara nýjar og ókannaðar leiðir til lausnar á viðfangsefnum.

BRAUTARLÝSING

SKIPULAG OG UMFANG NÁMSINS

Listhandverk & hönnun er 30 eininga námsbraut á 4. hæfniprepi viðmiðunarramma aðalnámskrár framhaldsskóla og valkostur sem viðbótarnám við Listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum. Áætlað er að námið verði kennt á einni önn í þremur samfelldum lotum. Námið er skiplagt sem þrjár vinnustofur, með áherslu á hugmynda-vinnu og hönnunarferli, verklega tækni- og efnisvitund og að lokum útfærslu og kynningu nemandans á eigin verkefnum. Efnt verður til reglulegra málstofa og textalesturs um hönnun og nýsköpun. Mikil áhersla verður lögð á sjálfstæð vinnubrögð, skapandi hugmyndaferli, verkþekkingu, frumkvöðlavitund og stefnumótun nemandans. Reglulega er efnt til samtals milli nemendahóps og þeirra sem koma að kennslu, ekki síst til að hrista hópinn vel saman og þjálfva nemendur í gagnrýnni hugsun um eigin verk og annarra. Námið ætti að nýtast þeim vel sem hafa áhuga á að þróa hugmyndir sínar í listhandverki og hönnun, sem vilja endurmennta sig og þeim sem stefna á frekara framhaldsnám í hvers kyns hönnun, listhandverki, nýsköpun og frumkvöðlamennt. Nemendur fá tækifæri til að gera tilraunir með mismunandi efni og tækni og koma jafnvel með tillögur að mögulegum afurðum í framhaldi af því. Markmiðið er þó fyrst og fremst að nemendur fái að leika sér með efnið á skapandi hátt og öðlist um leið færni í að vinna með eigin hugmyndir í útfærslu verkefna sinna. Nemandi verður að vera meðvitaður um takmörk þeirrar þekkingar sem hann öðlast í þessu námi en skynja um leið hvernig megi útvíkka þá þekkingu með ýmsum hætti, svo sem áframhaldandi námi á háskólastigi. Krafist er vitsmunalegrar og verklegar leikni til að þróa lausnir út frá hugmyndavinnu hvers og eins. Mikilvægt er umsjónarkennari námsins í heild sé sterkur leiðtogi sem hefur góða þekkingu og skilning því samtali sem þarf að eiga sér stað milli nemenda og annarra sem að náminu koma. Hann er sá sem kemur á stefnumóti nemenda við hina ýmsu aðila sem tengjast vinnustofunum hverju sinni og sér um leið til þess að góður vinnuandi, kraftur og orka ríki í hópnum

allan tímann sem námið stendur yfir. Leitast er við að skapa gott vinnuumhverfi og aðstöðu fyrir nemendahópinn.

Einkum er litið til þriggja hópa væntanlegra nemenda í **Listhandverk & hönnun**. Í fyrsta lagi nemenda af listnámsbraut ME eða listnámsbrautum annarra skóla, í öðru lagi nemenda af iðn- og verknámsbrautum, sem vilja undirbúa sig fyrir frekara nám í vöruhönnun og listhandverki með nýtingu staðbundinna hráefna í huga og í þriðja lagi handverksmanna og annarra sem vilja endurmennta sig í listhandverki og hönnun. Skipulagið miðar að því að miðla námsefni með þeim hætti að það nýtist fólki ýmist í áframhaldandi námi eða starfi. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám en um leið er samtál milli nemendahópsins í heild með kennurum mjög mikilvægt. Nemendum kennt að halda vinnudagbók og meta eigin námsframvindu jafnt og þétt. Sérstök yfirferð þeirra sem koma að náminu er stór liður í námsmati en þá gefst nemendum tækifæri til að kynna verkefni sín.

TÍMARAMMI OG SKIPULAG NÁMSINS

	Tímarammi náms	Dagar	Klukkust.
	Kynning og kveikja að vori	1-2	
Vinnust.1	Hugmyndavinna og hönnunarferli –10 einingar	4-5 vikur	160-220
Vinnust.2	Hráefni, tæknivinna og efnisfræði –10 einingar	4-5 vikur	160-220
Vinnust.3	Stefnumótun, vörupróun, ferilmappa, –10 einingar	4-5 vikur	160-220


Námsbrautir með námslok á fjórða hæfniprepi eru að jafnaði 30-120 framhaldsskólæiningar en hér er miðað við að námið sé 30 framhaldsskólæiningar. Nemandi lýkur „diplómanámi“ á háskólastigi á 4. þrepi sem nýst getur sem undirbúningur undir frekara háskólanám fyrir þá sem stefna á slíkt. Nemendur sem ljúka þessu námi verða vel undirbúnir fyrir hvers kyns list- og hönnunarnám hérlendis sem erlendis.

Námið fer að jafnaði fram á einni önn í þremur vinnustofum. Æskilegt er að það fari fram á haustönn og hefjist í ágúst/september og sé lokið í nóvember/desember ár hvert eða annað hvert ár en það fer eftir aðsókn. Kosturinn er að þá gefst þeim nemendum sem hyggjast fara í framhaldsnám að viðbótarnáminu loknu, tækifæri til að nýta sér ferilmöppur sínar til að sækja um í listaháskólum á vorönn. Reynt verður eftir fremsta megni að hafa þarfir nemenda að leiðarljósi í skipulagi námsins.

Hver eining miðast við 18-24 stunda vinnu nemenda þannig að námið tekur um það bil 540-720 klukkustundir eða um 15-16 vikur. Reiknað er með að ein eining samsvari 3 x 6-8 klst. vinnudögum. Öll vinna nemenda er þar með talin, bæði bundnir tímar og verkefnavinna á verkstæði


eða á vinnustofu. Það sem felst í vinnu nemenda er þátttaka í kennslustund óháð kennsluformi sem getur verið með ýmsu móti. Bundnir tímar með kennara, fyrirlestrar og nám í tæknivinnu er 50% af náminu og verkefnavinna nemenda er 50%.

Stefnt er að því að námið verði lengra í framtíðinni. Þá gætu nemendur lokið 120 framhaldsskóla- einingum eða tveggja ára diplómanámi. Þar yrði um að ræða frekari útfærslu á nýtingu mismunandi hráefna og nánar farið í sköpunar-, markaðs- og framleiðsluferli.



LISTHANDVERK OG HÖNNUN

VIÐUR – ULL – HREINDÝRAAFURÐIR



VIÐBÓTARNÁM Á 4. ÞREPI

LISTNÁMSBRAUT ME – IÐN- OG VERKNÁM

Listnámsbraut er ein fjögurra stúdentsbrauta Menntaskólans á Egilsstöðum. Nemendur skólans sem velja að fara í 4. þreps námið þurfa að hafa lokið í það minnsta 90% af námi sínu á 3. þrepi listnámsbrautar. Þannig nýtist stór hluti viðbótarnámsins á 4. þrepi sem hluti af stúdentsprófi þeirra eða um 2/3 hlutar námsins.

Á vef skólans má sjá nánar hvernig Listnámsbraut ME er byggð upp; <http://me.is/index.php/namid/namsbrautir-mainmenu/listnamsbraut>. Um er að ræða sameiginlegan kjarna allra stúdentsbrauta skólans auk brautarkjarna Listnámsbrautar. Þar eru áfangar sem nýtast vel sem grunnám fyrir þá sem koma inn í námið með annan grunn. Forkröfur eru að jafnaði brautskráning af 3. þrepi framhaldsskóla eða sambærileg kunnátta.

Námið nýtist einnig nemendum sem lokið hafa verknámi í ýmsum iðn- og verkgreinum, svo sem trésmíði, gullsmíði, málmsmíði, fataiðn og fleiri greinum.

INNTÖKUSKILYRÐI

Listhandverk & hönnun er 30 eininga viðbótarnám á 4. þrepi við Listnámsbraut ME. Æskilegt er að nemendur hafi lokið 3. þrepi á Listnámsbraut skólans eða listnámsbrautum annarra skóla áður en þeir hefja þetta nám. Hluti af þessu námi nýtist listnámsnemum til stúdentsprófs af Listnámsbraut ME. Nemendur sem ljúka stúdentsprófi af Listnámsbraut geta þannig tekið 10% af stúdentsprófi sínu af 4. þrepi. Einnig er hægt að taka þetta nám að stúdentsprófi loknu.

Þeir nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi, sveinsprófi eða undirbúningsnámi á 3. þrepi af listnámsbrautum framhaldsskólanna verða metnir inn með viðtali/ferilmöppu og námsráðgjöf. Þeir nemendur sem hyggjast taka þetta nám og vantar undirstöðuáfangar geta bætt þeim við sig af Listnámsbraut ME áður en námið hefst eða samhliða. Í því sambandi má nefna áfangar í lista- og hönnunarsögu, hugmyndavinnu, ljósmyndun, margmiðlun eða öðrum fögum sem eru kenndir í kjarna Listnámsbrautar ME og nýtast sem grunnur í þessu námi.

LOKAMARKMIÐ

Lokmarkmið námsins er að nemendur hafi áttað sig á möguleikum sem felast í nýtingu á staðbundnu hráefni, geti unnið sjálfstætt að eigin sköpun og séu vel undirbúnir undir frekara háskólanám í hönnun og listhandverki, verktækni og frumkvöðlafræði. Eitt af aðalmarkmiðum námsins er að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og skapandi hugmyndavinnu. Áhersla er lögð á að efla fag- og frumkvöðlavitund nemenda og dýpka þekkingu þeirra í efnisfræði og verklagi. Nemendur verða meðvitaðri um þau tækifæri sem felast í nýtingu hráefna sem finnast í umhverfinu með sjálfbærni að leiðarljósi og eflast í frumkvöðlahugsun. Náminu lýkur með kynningu á lokaafurð með viðeigandi miðli fyrir hvern og einn, hvort sem er í formi sýningar afurða, ferilmöppu, fyrirlesturs eða með öðrum hætti.

LISTHANDVERK & HÖNNUN Í ME HÆFNIVÆÐMIÐ VIÐBÓTARNÁMS Á 4. ÞREPI

NEMANDI:

1. býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu í nýtingu staðbundinna hráefna og eigið hönnunarferli á íslensku og erlendu tungumáli, sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms.
2. getur tekið þátt í samræðum í kennslu og námsmati á grundvelli þekkingar og leikni sem hann hefur tileinkað sér á ábyrgan, gagnrýnn og skýran hátt.
3. býr yfir siðferðislegri ábyrgð á hagnýtingu og þróun þekkingar sinnar á staðbundnu hráefni í samfélaginu og gagnvart starfsumhverfi með sjálfbærni að leiðarljósi.
4. býr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur í samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar.
5. getur metið eigið vinnuframlag og annarra í tengslum við starfsumhverfi og/eða sérþekkingu á gagnrýnn og uppbyggilegan hátt.
6. býr yfir hæfni til að tengja þekkingu sína við alþjóðlegt umhverfi.

NÁMIÐ/VINNUSTOFUR

KYNNING – KVEIKJA

Kynning á náminu verður haldin að vori með málstofu eða kynningardeg. Kveikjan verður í formi umræðna og fyrirlestra þar sem fjallað verður um gildi skapandi greina, nýtingu á staðbundnu hráefni, hönnun, nýsköpun og markaðsfræði með sjálfbærni að leiðarljósi. Þar verða til sýnis verk fyrri nemenda og sýnd kynningarmyndbönd um hönnun og nýsköpun af svæðinu. Innritun í námið fer fram um sama leyti og stendur yfir í ákveðinn tíma í tengslum við innritun á aðrar brautir ME.

VINNUSTOFA I – HUGM4HF10 (10 FRAMHALDSSKÓLAEININGAR)

HUGMYNDAVINNA OG HÖNNUNARFERLI

Nemendur fá nákvæma kynningu á uppbyggingu námsins og fyrirkomulagi og kennarar brautarinnar verða kynntir. Nemendur kynnast sínum umsjónarkennara og hefja dagbókargerð undir hans leiðsögn. Þar læra þeir æskileg vinnubrögð við að skrásetja allt ferli námsins og gerð skissumóðela. Áriðandi er að gera þeim grein fyrir því hversu mikilvægur hluti ferlið er, allt frá kveikju eða hugmynd til verkefnisloka og því að gera greinarmun á aðalatriðum og aukaatriðum í ferlinu. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér góð vinnubrögð og nákvæmni allt frá byrjun (mynda ferlið/glósur/pælingar).

Í fyrsta hlutanum er unnið með fjölbreyttum aðferðum í hugmyndavinnu og hönnunarferli. Áhersla er lögð á skapandi nálgun og að nemendur spyrji sig ólíklegustu spurninga við úrlausn verkefna til að öðlast skilning á þeim viðfangsefnum sem við eiga hverju sinni. Nemendur sækja fyrirlestra um ýmislegt sem tengist skapandi greinum, meðal annars í tengslum við mikilvægi frumkvöðulsins í skapandi verkefnum. Fjallað verður um hönnun sem skapandi afl til umbóta í samfélagslegu samhengi. Bent verður á hvernig hinn manngerði heimur er allur hannaður á einn eða annan hátt og hvernig hönnuðir bera ákveðna ábyrgð í samfélaginu og hafa jafnframt möguleika á að stuðla að umbótum, til dæmis varðandi umhverfismál og þróun samfélagsins. Eitt meginmarkmið áfangans er að læra að virða nánasta umhverfi og skynja þau verðmæti sem felast í náttúrunni.

Í framhaldi af hugmynda- og hönnunarferlinu verður tenging námsins við vöruhönnun og þróun í listhandverki á svæðinu skoðuð. Í því sambandi verður farið í vettvangsferðir og þau hráefni sem unnið verður með á önninni kynnt fyrir nemendum og vöruþróunarverkstæði heimsótt. Samhliða verður unnið að stefnumótun og markaðssetningu þannig að námsmenn tileinki sér að hugsa um möguleika í framleiðsluferlinu, efnisvitund og hvernig koma á vöru á markað.

VINNUSTOFA II – EFNI4TÆ10 (10 FRAMHALDSSKÓLAEININGAR)

HRÁEFNI- TÆKNIVINNA OG EFNISFRÆÐI

Í verkstæðisvinnunni öðlast nemendur þjálfun við tæknilega útfærslu verkefna sinna, prófa ólíkar aðferðir í glímu við efnið og mismunandi útfærslu hugmynda sinna. Nemendur fá tækifæri til að vinna í þremur mismunandi vinnustofum með ólík efni og einbeita sér að einu eða fleiri efnum.

Lögð er áhersla á að nemendur öðlist tækniþekkingu og efla efnisvitund sína með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Nemendur eru hvattir til að fara ótroðnar slóðir í tilraunum sínum og nota mismunandi tækni við útfærslu hugmynda sinna með því að prófa, spyrja, hlusta, horfa, miðla, snúa út úr og síðast en ekki síst, setja í og taka úr samhengi. Mikilvægt er að nemendur átti sig á því hvernig hægt er að læra af reynslunni. Farið verður ítarlega í efnisfræði hvers efnis fyrir sig og eiginleikar og möguleikar efnisins skoðaðir til hins ítrasta.

Leitast verður við að vinna sérstaklega með hráefni sem er einkennandi fyrir Austurland. Má þar nefna hreindýraafurðir, afurðir skógarins og ull en ætlunin er að bæta inn fleiri efnistegundum í framtíðinni. Í því sambandi mætti nefna ál, stein, þara, matjurtir, rekavið og annað endurunnið efni. Möguleikarnir eru margvíslegir. Horft er til samstarfs við fyrirtæki og vöruþróunarverkstæði sem eru til staðar á Austurlandi og verið er að koma upp víðsvegar um fjórðunginn. Áhersla verður lögð á nýsköpun og framsækna hugmyndir í útfærslu og tilraunum nemenda. Nemendur eru hvattir til að vera óhræddir við að fara nýjar leiðir í tilraunum sínum og sköpun og nýta ólíkar tækniáðferðir og úrlausnir.

NÁMSLÝSINGAR Á VINNUSTOFUM II

3 MISMUNANDI HRÁEFNI

A. VIÐARNÝTING – TÆKNI OG TILRAUNIR MEÐ TRJÁVIÐ.

NÁMSLÝSING

Nemendur gera tilraunir með mismunandi trjátegundir og þjálfast í aðferðum og tækni í gegnum markvissar tækniæfingar. Í framhaldinu eiga nemendur að vinna með hugmyndir úr fyrsta hluta námsins og þróa áfram fyrstu frumgerðir vöru eða gera tilraunir með efni og aðferðir.

Í efnisfræði er fjallað um mismunandi trjátegundir sem vaxa á Ísland, um notagildi tegunda, um gæði viðar og hvaða atriði skipta mestu máli við nýtingu efnis og framleiðslu. Fjallað er um mismunandi þurrkunaraðferðir svo sem útiþurrkun eða ofnþurrkun. Þá er fjallað um sögun á bolviði, hvernig efnið er valið, hvernig er heppilegast að haga vinnunni, öryggismál og mismunandi sagir og verkfæri fyrir mismunandi verkefni. Í áfanganum er sérstök áhersla lögð á gæðavitund og að auka skilning nemandans á því hvernig handverk og hönnun þurfa að haldast í hendur til að fullkomna hvort annað.

Kennsla er einstaklingsmiðuð og sniðin að ferilmöppugerð eða vöruþróun.

B. ULL ER GULL - ÞÆFING

NÁMSLÝSING

Meginmarkmið er að námsmenn kynnist grunnaðferðum sem notaðar eru við handþæfingu ullar. Sérstök áhersla er lögð á íslensku ullina og efnisfræði hennar en einnig er fjallað um mismunandi eiginleika annarra tegunda og hvaða möguleika og takmarkanir þær hafa. Þá læra nemendur að gera útreikninga á efnisnotkun kembu auk þess sem fjallað er um mismunandi lokafrágang þæfðra hluta.

Áhersla er lögð á vinnu með hugmyndir úr fyrsta hluta námsins og þróun á frumgerðum vöru. Kynntir verða möguleikar á nýtingu flóka úr íslenskri ull sem framleiddur er hjá Ullarvinnslu frú Láru á Seyðisfirði en flókin er framleiddur í metratáli og gefur ótal möguleika til vöruþróunar og framleiðslu. Í áfanganum er sérstök áhersla lögð á

gæðavitund og að auka skilning á því hvernig handverk og hönnun þurfa að haldast í hendur til að fullkomna hvort annað.

Kennsla er einstaklingsmiðuð og sniðin að ferilmöppugerð eða vöruþróun.

C. NÝTING Á HREINDÝRAAFURÐUM

NÁMSLÝSING

Meginmarkmið er að námsmenn kynnist grunnaðferðum við nýtingu á hornum, beinum og skinni af hreindýrum. Nemendur kynnast aðferðum og verkfærum og gera tækniæfingar til að þjálfa notkun þeirra. Almenn efnisfræði um leður, horn og bein verður kennd en einnig er sýnikennsla á jurtasútunarferli á hreindýraleðri og nemendur læra að súta leggskin. Unnið er með hreindýraskinn og nemendur þjálfast í að sauma úr skinni og nota mismunandi aðferðir. Áhersla er lögð á vinnu með hugmyndir úr fyrsta hluta námsins og þróun á frumgerðum vöru.

Í áfanganum er sérstök áhersla lögð á gæðavitund og að auka skilning á því hvernig handverk og hönnun þurfa að haldast í hendur til að fullkomna hvort annað.

Kennsla er einstaklingsmiðuð og sniðin að ferilmöppugerð eða vöruþróun.

VINNUSTOFA III – VÖRU4FE10

(10 FRAMHALDSSKÓLAEININGAR)

STEFNUMÓTUN, VÖRUÞRÓUN, FERILMAPPA

Í þriðju og síðustu lotunni/vinnustofunni verður lögð megináhersla á persónulega nálgun hvers og eins og ferilmöppu sem gæti nýst nemendum til umsóknar um áframhaldandi nám í listaháskólum eða til eigin útfærslu verkefna. Í þessari síðustu lotu er lögð áhersla á að hver og einn horfi til framtíðar og skilgreini tilgang náms síns, hvort sem nemandi hyggst fara í framhaldsnám í íslenskum eða erlendum listaháskóla í vöruhönnun eða stefnir á störf sem tengjast nýtingu á staðbundnu hráefni, listhandverki eða eigin atvinnusköpun í kringum listhandverk og vöruhönnun almennt, s.s. á vöruþróunarverkstæði eða í fyrirtækjum í nýsköpun.

Þeir nemendur sem hyggjast nýta námið til eigin framleiðslu listhandverks úr tilteknu hráefni geta verið með kynningu á frumgerð vöru og skilgreint áframhaldandi þróun afurðar og eigin viðskiptahugmyndir í nýsköpun, allt eftir því hvað við á hverju sinni.

Mikilvægt er að verkefni nemenda verði metin af sérstakri matsnefnd og geti verið til sýnis í samfélaginu í lokin. Mestu skiptir að lokaverkefnum nemenda séu gerð góð skil og að þar komi skýrt fram hvert stefnt er með góðum skýringamyndum og texta. Einnig er mikilvægt að nemendur séu færir um að tjá hugmyndir sínar á skýran hátt þannig að allt ferlið sé sýnilegt og aðalatriði dregin fram, hvort sem um rafræna framsetningu er að ræða eða ekki.

KENNSLA OG AÐSTAÐA NEMENDA

KENNSLA

Hver nemandi hefur sérstakan umsjónarkennara sem hann getur alltaf haft samband við á meðan á náminu stendur, sérstaklega í verkefnavinnunni. Fastir viðtalstímar við umsjónarkennara nemenda verða í stundaskrá, helst daglega eða minnst þrisvar í viku. Viðkomandi kennari er eins konar leiðbeinandi og ráðgjafi í lokaverkefni nemenda. Aðgengi verður að öðrum kennurum brautarinnar til ráðgjafar og samtals þar sem það á við og eftir samkomulagi, í verkefnavinnutímum nemenda. Mikilvægt er að kennarar brautarinnar séu með viðeigandi menntun, faglega þekkingu og reynslu á sínu sviði.


Námið er þannig tvískipt; um helmingur námsins er verkleg vinna í vinnustofum og helmingur formleg kennsla í formi fræðslu, fyrirlestra, verkefna- og tæknivinnu. Æskilegt er að nemendur hafi eigið vinnurými til afnota á meðan á námi stendur þar sem verkefnavinna fer fram og næði er til sköpunar og ýmiss konar teymisvinnu. Þar gefst nemendum kostur á tilraunastarfsemi, gerð vinnuá dagskrá og útfærslu verkefna. Þar fara einnig fram viðtöl nemenda og kennara brautarinnar og leiðsögn umsjónarkennara. Einnig er mikilvægt að á vöruþróunarverkstæðum og þeim fyrirtækjum sem eru í samstarfi við skólann sé öll tæknileg ráðgjöf og aðstoð fánleg. Tryggt verður að nemendur geti fengið nægilegt svigrúm til tilraunastarfsemi í verkefna-

vinnunni á verkstæðunum. Ýmist er unnið í vinnustofu, í hópum eða sjálfstætt, allt eftir eðli hvers verkefnis.

NÁMSMAT

Leitast verður við að nota fjölbreyttar námsmatsaðferðir allan námstímamann. Helstu námsmatsaðferðir eru, símat kennara eða leiðbeinenda með reglulegum yfirferðum, sjálfsmat nemenda, jafningjamat, skissubækur/dagbækur og skráning hugmyndaferlis. Öll verkefni nemenda verða metin. Í fyrstu lotunni er um að ræða styttri afmarkaðri verkefni, bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni. Í annari lotu, efnisfræði- og tæknivinnu, þurfa nemendur að geta sýnt fram á ferli í notkun efnanna. Þær athuganir setja nemendur fram í formi dagbókar eða ferilmöppu þar sem þeir sýna fram á tilraunir sínar og rökstyðja í máli og myndum þegar yfirferð á sér stað. Lokaverkefnið verður metið af kennara og fagaðilum. Í lokaeinkunn verður lögð aðaláhersla á sköpun, túlkun og tjáningu nemenda en einnig framfarir, virkni og ástundun. Kynning eða sýning nemenda á lokaverkefni verður einnig stór hluti af lokaeinkunn. Þá er metið hvernig nemendur koma hugmyndum og verkefnum sínum á framfæri á sem áhrifaríkastan hátt með viðeigandi miðli. Einkum er litið á hvernig hugmyndaauðgi, skynjun og sköpunarþættir nemenda koma fram í verkefnum og afurðum. Þátttaka þeirra í vinnustofu og samræðum, ferli, þróun, gagnrýni og mat á eigin verkum vegur einnig þungt. Áhersla er einnig lögð á tæknilega færni, efnisnotkun og fagurfræði, svo sem litanotkun, form og áferð.

Nemendur sem ljúka þessu viðbótarnámi, Listhandverk & hönnun, til stúdentsprófs af Listnámsbraut ME geta skilað 10 eininga lokaverkefni af 4. þrepi sem hluta af sínu stúdentsprófi. Samkvæmt nýrri námskrá ME eiga allir nemendur skólans að skila lokaverkefni til stúdentsprófs sem telur að jafnaði 5 einingar á þriðja þrepi og tengist helst þeirra áhugasviði í framhaldsnámi. Þannig verða lokaverkefni nemenda sem bæta við sig þessu viðbótarnámi, Listhandverki & hönnun, 10 einingar á 4. þrepi í stað 5 eininga á 3. þrepi sem hinn almenni nemandi skólans skilar sem lokaverkefni til stúdentsprófs.



ÁFANGALÝSINGAR

FRAMHALDSSKÓLI

Menntaskólinn á Egilsstöðum

ÁFANGAHEITI

HUGM4HF10 Vinnustofa I. Hugmyndavinna-hönnunarferli

FJÖLDI FRAMHALDSSKÓLAEININGA (FEIN)

10

UNDANFARI

HUGM2HS05 eða sambærilegt (aðferðir í hugmyndavinnu)

VINUATHUGASEMDIR/TIL UMHUGSUNAR

Möguleiki er á að þeir nemendur sem ekki hafa lokið undanfara séu metnir inn út frá annarri reynslu í hugmyndavinnu.

Áfanginn felur í sér yfirgripsmikla fræðilega þekkingu og sérhæfða staðreyndabekkingu á tilteknu náms- og/eða starfssviði. Enn fremur vitund um takmörk þeirrar þekkingar. Krafist er yfirgripsmikillar og fjölþættrar vitsmunalegrar og verklegrar leikni til að þróa lausnir í námi og starfi. Ætlast er til hæfni til að geta stýrt verkefnum á sviði náms eða vinnu, meta eigin frammistöðu og annarra, og geta hagnýtt eigin þekkingu til umbóta. Nemendur vinna sjálfstætt undir almennri verkstjórn kennara/leiðbeinenda. Áfanginn er skipulagður sem bóknám eða starfsnám og getur falið í sér þjálfun innan skóla eða á vinnustað.

LÝSING Á EFNI ÁFANGANS:

Vinnustofa I. Hugmyndavinna-hönnunarferli

Efnisatriði: Hugmyndavinna, hönnunarferli, listhandverk, listræn sköpun, efnisvitund, eiginleikar hráefnis, sjálfbærni, nýting auðlinda, nýsköpun, frumkvöðlamennt, stefnumótun, markaðssetning.

Rætt um stöðu hönnunar og hún sett í samhengi við sögu fagsins sem og ábyrgð og hlutverk hönnuða í samtímanum. Áhersla verður lögð á að efla skapandi hugsun þátttakenda með fjölbreyttum aðferðum í hugmyndavinnu og gerð skissumódelar. Þátttakendur vinna verkefni ýmist sjálfstætt, í hópum eða þörum þar sem áhersla er lögð á að nýta mismunandi reynslu hvers og eins. Litið er á verkefnin sem tilraunaferli, þar sem mistök eru leyfileg og nemendur geta skapað tækifæri til nýjunga. Þátttakendur eru hvattir til að spyrja sjálfa sig erfiðra spurninga sem snerta hönnun og taka þátt í krefjandi umræðum. Áhersla verður lögð á atriði eins og að finna einfaldar en góðar lausnir í sköpunarferlinu. Nemendur fá tækifæri til að leika sér með efnið og eigin hugmyndir og eru hvattir til að gera efnistilraunir með því að prófa, spyrja, hlusta, horfa, miðla, snúa út úr og setja í samhengi.

Áhersla er lögð á það sem hafa þarf í huga í hönnunarferlinu, svo sem hráefni, tækni og sjálfbærni. Nemendur þurfa að hugsa ferlið frá upphafi til enda, þannig að afurðin sem að lokum verður til hafi ekki aðeins gildi vegna fagurfræðilegra eiginleika heldur geti nýst sem breytingarafil til batnaðar. Þannig geta nemendur hugsað eigin hönnun og staðbundna þætti Austurlands í stærra samhengi. Samhliða er unnið að frumkvöðlamennt, stefnumótun og markaðssetningu þannig að námsmenn tileinki sér heildstæða hugsun í hönnunarferlinu frá upphafi.

Farið verður í fyrirtækjaheimsóknir þar sem markmiðið er að opna leiðir til samstarfs milli þátttakenda og fyrirtækja. Leitast er við að auka víðsýni og leita leiða til að þátttakendur sjái möguleika sem fólgnir eru í því að nýta þá aðstöðu og þá framleiðslumöguleika sem eru til staðar í heimabyggð til að skapa verðmæti eða vöru. Hvatt verður til samtals milli handverksmanna og hönnuða um eiginleika hráefnis og möguleika í útfærslu afurða. Í þessum fyrsta áfanga eru staðbundin hráefni Austurlands kynnt nemendum og möguleikar þeirra og takmarkanir ræddar.

Kennarar meta ferlið út frá verkefnum og reglulegu samtali við nemendur bæði í einstaklingsviðræðum og í hópnum. Nemendur halda vinnudagbók með verkefnum, tilraunum og hugmyndaferli. Samhliða því fer fram sjálfsmat nemenda á eigin tilraunum og niðurstöðum. Nemendur skila ferilmöppu í lok lotunnar um reynslu sína og tilraunir í áfanganum. Áfanganum lýkur með hópumræðum eða yfirferð þar sem nemendur kynna niðurstöður úr tilraunum sínum.

LOKAMARKMIÐ ÁFANGA:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi skapandi hugmyndavinnu og þess að prófa, horfa, hlusta, ræða og læra af mistökum.
- hvað sjálfbærni í hönnun felur í sér.
- stöðu íslenskrar hönnunar/listhandverks.
- mikilvægi frumkvöðlahugsunar.
- heildstæðri hugsun í hönnunarferlinu.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meðhöndla mismunandi efni á fjölbreyttan hátt.
- nota mismunandi aðferðir í hugmyndavinnu.
- þekkja möguleika í hráefni og framleiðslu.
- temja sér góð og gefandi vinnubrögð í teymisvinnu
- gera hugmyndir sína skiljanlegar með skissum, teikningum og öðru myndmáli.
- yfirfæra/umbreyta mismunandi efni og aðferðum í nýtt samhengi.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rökstyðja eigið hugmyndaferli í máli og myndum.
- sýna fram á persónulegar leiðir í hugmyndavinnu.
- meta mismunandi efnistegundir og aðferðir til vöruþróunar.
- móta sér skoðanir og setja fram gagnrýni á eigin verk og annarra.
- skilgreina eigin framtíðarsýn, hvað varðar hönnun og sjálfbærni í víðu samhengi.

LOKAMARKMIÐ ÁFANGANS (LÆRDÓMUR/LEARNING OUTCOME) ERU U.P.B. 10-15 OG SNÚA AÐ ÞEIRRI HÆFNI, ÞEKKINGU OG LEIKNI SEM NEMANDI SKAL BÚA YFIR AÐ LOKNU NÁMI.

- Þekking er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er skilningur og vitneskja. Á 4. þrepi er þekkingin fyrst og fremst sérhæfð, tengd fræðum og/eða störfum.
- Leikni er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér athafnir, aðgerðir, aðferðir og framkvæmdir. Á 4. þrepi er leiknin fyrst og fremst sérhæfð, tengd fræðum og/eða störfum.
- Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þá þekkingu og leikni sem nemandinn hefur öðlast í gegnum áfangann. Hún getur verið almenn og sérhæfð.

VIÐ GERÐ ÁFANGALÝSINGAR OG SKIPULAG NÁMS ER VERT AÐ HAFA EFTIRFARANDI Í HUGA:

ÞEKKING

- er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.
- felur í sér athafnirnar að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða önnur samskipti sem nýtast til öflunar þekkingar.
- felur í sér athafnirnar að ræða, flokka og bera saman þekkingu.
- felur í sér framsetningu þekkingar með ólíkum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

LEIKNI

- er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta breitt aðferðum og verklagi.
- felur í sér þjálfum í aðferðum og verklagi.
- felur í sér val á aðferðum og skipulagi verkferla.
- felur í sér að miðla leikni sinni með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

HÆFNI

- felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.
- felur í sér hagnýtingu og yfirfærslu þekkingar og færni. Sú athöfn gerir kröfur um siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning nemandans á eigin getu.
- felur í sér úrvinnslu á þekkingu og færni nemandans, með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og ígrunda/fagleg gagnrýni/-gagnrýnin hugsun. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðar-tilfinningu og hæfni í að meta aðstæður, eigið framlag og annarra.
- felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem vitsmunalegri listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunar-hæfni, innsæi og frumkvæði auk hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.

FRAMHALDSSKÓLI

Menntaskólinn á Egilsstöðum

ÁFANGAHEITI

EFNI4TÆ10 Vinnustofa II HRÁEFNI – tæknivinna og efnisfræði

FJÖLDI FRAMHALDSSKÓLAEININGA (FEIN)

10

UNDANFARI

HUGM4HF10

VINNUATHUGASEMDIR/TIL UMHUGSUNAR

Í hverri námslotu geta nemendur valið um þrjá efnisflokka og ráða því hvort þeir vinna aðallega með eitt efnanna eða fleiri.

Áfanginn veitir yfirgripsmikla fræðilega þekkingu og sérhæfða staðreyndabekkingu á tilteknu náms- og/eða starfssviði. Enn fremur vitund um takmörk þeirrar þekkingar. Krafist er yfirgripsmikillar og fjölþættrar vitsmunalegrar og verklegrar leikni til að þróa lausnir í námi og starfi. Ætlast er til hæfni til að geta stýrt verkefnum á sviði náms eða vinnu, meta eigin frammistöðu og annarra og geta hagnýtt eigin þekkingu til umbóta. Nemendur vinna sjálfstætt undir almennri verkstjórn kennara/leiðbeinenda. Áfanginn er skipulagður sem bóknám eða starfsnám og getur falið í sér þjálfun innan skóla eða á vinnustað.

LÝSING Á EFNI ÁFANGANS:

Vinnustofa II. HRÁEFNI - tæknivinna og efnisfræði.

Efnisatriði: Efnisfræði, möguleikar hráfnis, aðgengi að hráefni, tækni, tilraunir í efni, samtal, tillögur að mismunandi afurðum, gæðavitund, kynningar á viðfangsefnum, gagnrýni.

Áfanginn fjallar um efnisfræði og tæknivinnu tengda þeim hráefnum sem í boði verða hverju sinni. Efnisfræði hvers hráfnis verða gerð góð skil sem og tæknivinnu hvers hráfnis. Nemendur læra að nota þau verkfæri sem tilheyra hverju sinni og mismunandi aðferðir til að ná fram gæðum í sjálfu handverkinu. Í verkstæðisvinnunni öðlast nemendur þjálfun við tæknilega útfærslu verkefna sinna, prófa ólíkar aðferðir í glímu við efnið og mismunandi útfærslu hugmynda sinna.

Mikilvægt er að nemendur nái að skynja og skilja náttúrulega eiginleika þess efnis sem unnið er með og átti sig á möguleikum og takmörkunum efnis og aðferða. Áhersla er lögð á að blanda saman nýrri tækni við gamlar hefðir eða hefðbundin vinnubrögð og láta eiginleika efnisins njóta sín í verkunum. Áhersla er lögð á að hugað sé fremur að gæðum en magni og að fagurfræði og notagildi hluta fari saman í hönnun og útfærslu. Sjálfbærni í framleiðslu og efnistöðum verður höfð að leiðarljósi og lögð er áhersla á að nemendur öðlist tækniþekkingu og eflni efnisvitund sína með umhverfisvernd að leiðarljósi og hugi um leið að endingartíma hlutanna.

Nemendur eru hvattir til að fara ótroðnar slóðir í tilraunum sínum og nota mismunandi tækni við útfærslu hugmynda sinna með því að prófa, spyrja, hlusta, horfa, miðla, snúa út úr og síðast en

ekki síst, setja í og taka úr samhengi. Mikilvægt er að nemendur átti sig á því hvernig hægt er að læra af reynslunni og hugsa út fyrir rammann. Farið verður ítarlega í efnisfræði hvers efnis fyrir sig og eiginleikar og möguleikar efnisins skoðaðir til hins ítrasta. Leitast verður við að vinna sérstaklega með hráefni sem er einkennandi fyrir Austurland. Má þar nefna hreindýraafurðir, afurðir skógarins og ull.

Nemendur skila af sér skýrslu í lok lotunnar þar sem þeir meta ferlið, kennsluna og námið með sjálfsmati. Kennarar meta ferlið út frá verkefnum og umræðum ásamt því að meta lokaafurð sem skilað er til leiðbeinanda í formi tilraunar, námsdagbókar eða á öðru formi.

LOKAMARKMIÐ ÁFANGA:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- umfangi, úrvinnslu og undirbúningi í nýtingu á hráefni.
- eiginleikum og takmörkunum efnis.
- gæðavitund í tengslum við efni og aðferðir.
- mikilvægi tilraunavinnu og góðrar þjálfunar í tækni og verklagi.
- aðgengi að hráefni.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- undirbúa og velja hráefni til nýtingar.
- nota mismunandi aðferðir við úrvinnslu verkefna.
- þekkja möguleika hráefnis.
- geta notað viðeigandi tæki til framleiðslu.
- nota mismunandi verkfæri og aðferðir.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fjölbreytileika efnisins til vöruhönnunar og listhandverks.
- sýna fram á persónulegar leiðir í notkun efnis.
- hafa tilfinningu fyrir möguleikum efnis og aðferðum til hönnunar.
- geta unnið heildstætt við lokafrágang vöru eða verkefnis.

LOKAMARKMIÐ ÁFANGANS (LÆRDÓMUR/LEARNING OUTCOME) ERU U.P.B. 10-15 OG SNÚA AÐ ÞEIRRI HÆFNI, ÞEKkingU OG LEIKNI SEM NEMANDI SKAL BÚA YFIR AÐ LOKNU NÁMI.

- Þekking er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er skilningur og vitneskja. Á 4. þrepi er þekkingin fyrst og fremst sérhæfð, tengd fræðum og/eða störfum.
- Leikni er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér athafnir, aðgerðir, aðferðir og framkvæmdir. Á 4. þrepi er leiknin fyrst og fremst sérhæfð, tengd fræðum og/eða störfum.
- Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þá þekkingu og leikni sem nemandinn hefur öðlast í gegnum áfangann. Hún getur verið almenn og sérhæfð.

VIÐ GERÐ ÁFANGALÝSINGAR OG SKIPULAG NÁMS ER VERT AÐ Hafa eftirfarandi í huga:

ÞEKking

- er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.
- felur í sér athafnirnar að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða önnur samskipti sem nýtast til öflunar þekkingar.
- felur í sér athafnirnar að ræða, flokka og bera saman þekkingu.
- felur í sér framsetningu þekkingar með ólíkum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

LEIKNI

- er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta breitt aðferðum og verklagi.
- felur í sér þjálfum í aðferðum og verklagi.
- felur í sér val á aðferðum og skipulagi verkferla.
- felur í sér að miðla leikni sinni með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

HÆFNI

- felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.
- felur í sér hagnýtingu og yfurfærslu þekkingar og færni. Sú athöfn gerir kröfur um siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning nemandans á eigin getu.
- felur í sér úrvinnslu á þekkingu og færni nemandans, með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og ígrunda/fagleg gagnrýni/-gagnrýnin hugsun. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðar-tilfinningu og hæfni í að meta aðstæður, eigið framlag og annarra.
- felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem vitsmunalegri listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunar-hæfni, innsæi og frumkvæði auk hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.

FRAMHALDSSKÓLI

Menntaskólinn á Egilsstöðum

ÁFANGAHEITI

VÖRU4FE10 Vinnustofa III. Stefnumótun, vöruþróun, ferilmappa

FJÖLDI FRAMHALDSSKÓLAEININGA (FEIN)

10

UNDANFARI

Vinnustofur I og II **HUGM4HF10** og **EFNI4TÆ10**

VINNUATHUGASEMDIR/TIL UMHUGSUNAR

Áfanginn veitir yfirgripsmikla fræðilega þekkingu og sérhæfða staðreyndabekkingu á tilteknu náms- og/eða starfssviði. Enn fremur vitund um takmörk þeirrar þekkingar. Krafist er yfirgripsmikillar og fjölþættrar vitsmunalegrar og verklegrar leikni til að þróa lausnir í námi og starfi. Ætlast er til hæfni til að geta stýrt verkefnum á sviði náms eða vinnu, meta eigin frammistöðu og annarra og geta hagnýtt eigin þekkingu til umbóta. Nemendur vinna sjálfstætt undir almennri verkstjórn kennara/leiðbeinenda. Áfanginn er skipulagður sem bóknám eða starfsnám og getur falið í sér þjálfun innan skóla eða á vinnustað.

LÝSING Á EFNI ÁFANGANS:

Vinnustofa III Stefnumótun – Vöruþróun - ferilmappa

Efnisatriði: Vöruþróun, frumgerð vöru, stefnumótun, frumkvöðlamennt, viðskiptaáætlun, markaðsgreining, markaðssetning, markaðsáætlun, stjórnun, rekstur, ferilmöppugerð, mismunandi miðlar, lokaafurð, sýning.

Meginmarkmið áfangans er að vinna með frumgerðir vöru og/eða ferilmöppu. Námsmenn vinna að stefnumótun í tengslum við eigin markmið, hvort sem um er að ræða þróun vörulína eða ferilmöppugerð fyrir frekara nám.

Stefnumótun – vörulína. Nemendur útfæra stefnumótun og viðskiptaáætlun fyrir vöru sem mögulegt er að framleiða. Fjallað er um stofnun fyrirtækis, vöruþróun og markaðsmál. Nemendur fá þjálfun í framlegðarútreikningi, í því að huga að gæðamálum og lokafrágangi vöru á markað. Mikilvægt er að nemendur fái svigrúm til að þróa vöru/listhandverk, út frá þeim verkefnum sem unnið var með fyrir í náminu og haldi þannig áfram sinni vöruþróun og vinni að lokafrágangi vöru eða eigin verkefni.

Ferilmappa: Reglulega er efnt til yfirferðar þar sem fer fram samtal milli nemendahóps og kennara. Áhersla er lögð á að nemendur komi hugmyndum sínum á framfæri á skilmerkilegan hátt með þeim miðli sem hentar hverjum og einum. Í ferilmöppu nemenda þurfa að koma skýrt fram markmið og fyrirætlanir út frá skissum, skýringarmyndum og texta. Mappa nemenda má vera hvort sem er á rafrænu formi eða handgerð, aðalatriðið er að hún sé lýsandi fyrir þau verkefni sem nemendur vilja skila af sér í lok náms og sýni fram á í hvaða átt hugmyndir þeirra gætu þróast í framhaldinu.

Áfanga lýkur með kynningu á verkefnum og ferilmöppu. Kynning þarf að vera vel undirbúin, skipulega fram sett, hvort sem um er að ræða vöru eða kynningu á ferilmöppu sem nýta skal til umsóknar um áframhaldandi nám eða störf í framhaldinu. Sett verður upp sameiginleg sýning allra nemenda á vinnuferlinu sem farið hefur fram og þeim verkefnum sem þeir hafa unnið að.

Námsmat: Námsmat áfangans verður í formi símats leiðbeinanda, jafningjamats, sjálfsmats nemenda og mati á lokaverkefni áfangans, undirbúningi og framkvæmd. Þar er metin skynjun, túlkun og tjáning nemenda á eigin markmiðun, tilraunum og niðurstöðum. Í þessari síðustu lotu námsins reynir á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Eigið vinnuframlag er nauðsynlegt til að árangur náist en verkleg vinna nemenda utan bundinna tíma er stór hluti þessarar lotu eða rúmlega helmingur námsins. Leiðbeinandi fylgist með framvindu ferlis, aðstoðar nemendur við útfærslu og metur árangur þeirra og framvindu verkefnisins um leið.

LOKAMARKMIÐ ÁFANGA:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- greina tækifæri til vöruþróunar.
- að mikilvægi stefnumótunar og frumkvöðlavitundar.
- mikilvægi áætlanagerða almennt.
- því hvernig má þróa persónulega stíl.
- gæðavitund og mikilvægi þess að ljúka verkefnum.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með frumgerðir vöru og þróa þær í fullunna afurð.
- stilla upp einfaldri áætlun, stefnumótun, viðskiptaáætlun.
- vinna að mismunandi þáttum stefnumótunar og vöruþróun.
- gera persónulega ferilmöppu.
- undirbúa verkefni sitt til opinberrar kynningar eða sýningar.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta valið aðferðir og efni sem henta við mismundi verkefni.
- geta gert framlegðarútreikninga.
- skilgreina viðmið um lokafrágang vöru til að hún teljist söluhæf.
- geta þróað hugmyndir að umbúðum sem hæfa vörunni.
- geta tekið þátt í gagnrýni og umræðum um eigin verk og annarra.
- geta gert áhugaverða kynningu og umgjörð sem hentar lokaafurð.

LOKAMARKMIÐ ÁFANGANS (LÆRDÓMUR/LEARNING OUTCOME) ERU 10-15 OG SNÚA AÐ ÞEIRRI HÆFNI, ÞEKINGU OG LEIKNI SEM NEMANDI SKAL BÚA YFIR AÐ LOKNU NÁMI.

- Þekking er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er skilningur og vitneskja. Á 4. þrepi er þekkingin fyrst og fremst sérhæfð, tengd fræðum og/eða störfum.
- Leikni er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér athafnir, aðgerðir, aðferðir og framkvæmdir. Á 4. þrepi er leiknin fyrst og fremst sérhæfð, tengd fræðum og/eða störfum.
- Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þá þekkingu og leikni sem nemandinn hefur öðlast í gegnum áfangann. Hún getur verið almenn og sérhæfð.

VIÐ GERÐ ÁFANGALÝSINGAR OG SKIPULAG NÁMS ER VERT AÐ Hafa EFTIRFARANDI Í HUGA:

ÞEKING

- er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.
- felur í sér athafnirnar að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða önnur samskipti sem nýtast til öflunar þekkingar.
- felur í sér athafnirnar að ræða, flokka og bera saman þekkingu.
- felur í sér framsetningu þekkingar með ólíkum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

LEIKNI

- er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta breitt aðferðum og verklagi.
- felur í sér þjálfum í aðferðum og verklagi.
- felur í sér val á aðferðum og skipulagi verkferla.
- felur í sér að miðla leikni sinni með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

HÆFNI

- felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.
- felur í sér hagnýtingu og yfirtæslu þekkingar og færni. Sú athöfn gerir kröfur um siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning nemandans á elgin getu.
- felur í sér úrvinnslu á þekkingu og færni nemandans, með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og ígrunda/fagleg gagnrýni/-gagnrýnin hugsun. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðar-tilfinningu og hæfni í að meta aðstæður, eigið framlag og annarra.
- felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem vitsmunalegri listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunar-hæfni, innsæi og frumkvæði auk hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ